



UMSÖGN

Viðtakandi: Alþingi - nefndasvið

Sendandi: Reykjavíkurborg

Umsögn Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um dreifingu starfa

Þann 24. nóvember 2023 sendi Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Reykjavíkurborg til umsagnar tillögu til þingsályktunar um dreifingu starfa. 453. mál.

Umsögn Reykjavíkurborgar:

Reykjavíkurborg fagnar þingsályktunartillögu um dreifingu starfa, en upplýsingar um landfræðilega dreifingu starfa eru ein af grunnupplýsingum í bæði almennri skipulagsgerð og samgöngulíkönnum. Skortur á þessum gögnum hefur í gegnum tíðina skapað óvissu um forgangsröðun samgönguverkefna. Samgöngulíkön eru þau verkfæri sem fjárfestingar í samgönguinnviðum eru áætlaðar út frá, vagnafjöldi almenningsamgangna, stígagerð, gatna- og vegagerð, og sérrými fyrir almenningsamgöngur. Það eru því ríkir hagsmunir bæði fyrir ríkið og sveitarfélög af upplýsingum um landfræðilega dreifingu starfa. Í gegnum tíðina hefur verið rætt um það mætti safna upplýsingum um heimilisfang starfsstaða í skattaframtölum (í þeim tilfellum sem um fastan starfsstað er að ræða). Til að upplýsingarnar nýtist sem skyldi við skipulag byggðar og umferðar er mikilvægt að nokkur nákvæmni sé í gögnunum varðandi gerð og staðsetningu, t.d. sé ekki eingöngu safnað upplýsingum um heimilisfang launagreiðanda heldur eiginlegan starfsstað viðkomandi starfsmanns eða þann starfsstað sem hann mætir oftast til vinnu í. Til viðbótar við þessi gögn mætti með tímanum stefna að því að nýta farsímagögn í auknum mæli til þess að ná betur utan um hreyfingu fólks um og í kring um höfuðborgarsvæðið en þessi gögn sem hér um ræðir ná ekki til gesta borgarinnar en þeir eru stór hluti af umferð hvers dags.


Óli Örn Eiríksson
Skrifstofa borgastjóra og borgarritara